

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 2. október 2007 í máli nr. S-110/2007:

Ákærvaldið

(Ólafur Þór Hauksson sýslumaður)

gegn

Árna Halldóri Lilliendahl

Mál þetta, sem dómtekið var 17. september sl., höfðaði sýslumaðurinn á Akranesi með ákæru 23. maí 2007 á hendur ákærða, Árna Halldóri Lilliendahl, kt. ..., Einigrund 9 á Akranesi;

„fyrir umferðarlagabrot á Akranesi með því að hafa, fimmtudaginn 19. apríl 2007 um kl. 21:43, ekið bifreiðinni SN-604, undir áhrifum bannaðra ávana- og fíkniefna, norður Einigrund uns lögreglan stöðvaði aksturinn á móts við Garðagrund.

Í blóðsýni sem tekið var úr ákærða í framhaldi af handtöku mældist 165 ng/ml af amfetamíni. Amfetamín er í flokki ávana- og fíkniefna sem bönnuð er á íslensku forráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Brot ákærða þykir varða við 1. mgr. sbr. 2. mgr. 45. gr. a. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 186. gr. laga nr. 82/1998 og 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar, samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.“

Af hálfu ákærða eru þær kröfur gerðar í málinu að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

I

Fimmtudaginn 19. apríl 2007 um kl. 21:43 stöðvuðu lögreglumenn úr lögreglunni á Akranesi akstur bifreiðarinnar SN-604 á Einigrund. Í frumskýrslu lögreglu er bókað að bifreiðin hafi verið stöðvuð til að athuga með réttindi og ástand ökumanns. Ökumaður var beðinn um að láta í té þvagsýni til þess að athuga hvort hann hafi verið að neyta fíkniefna og kvaðst hann reiðubúinn til þess. Við prófun á þvagsýni með Quick tox prófun kom jákvæð svörun við amfetamíni. Var ákærði í kjölfarið handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Vakthafandi læknir var kallaður til og tók hann blóðsýni úr ákærða.

II.

Ákærði kom fyrir dóm 22. júní 2007 og kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni SN-604 í það sinn er um ræðir í ákæru. Hann kvaðst hins vegar neita sök og vefengja að blóðsýni það sem rannsakað hafi verið hafi verið tekið úr sér.

Við aðalmeðferð málsins skýrði ákærði svo frá að hann hefði, fimmtudagskvöldið 19. apríl 2007, verið við akstur bifreiðarinnar SN-604. Hann hefði hafið aksturinn við heimili sitt að Einigrund um tíu mínútum áður en lögreglan hefði stöðvað hann. Hann hefði verið að fara að húsi sem hann hefði verið að vinna í við Akurgerði, eftir að hafa farið heim til sín til að sækja verkfæri. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt vímuefna fyrir aksturinn. Hann kvaðst ekki neyta neinna vímuefna, annarra en áfengis, og aldrei hafa gert. Ákærði sagði lögreglu hafa tilkynnt sér að athugun væri í gangi og að hann hefði verið spurður hvort hann vildi veita þvagsýni. Hann hefði samþykkt að veita sýnið en þurft að drekka vatn til þess að geta gefið það. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið viðstaddur er þvagsýnið hafi verið skoðað. Því næst hafi læknir komið og tekið úr honum blóðsýni. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa séð gögn varðandi blóðprufuna fyllt út. Hann kvaðst enga skýringu kunna á því að þvagsýni hafi verið jákvætt við amfetamínprófi eða því að í blóðsýni hafi mælst amfetamín. Hann kvaðst ekki hafa tekið nein lyf eða neytt neins sem gæti skýrt þessa niðurstöðu og hann rengdi því niðurstöður beggja prófanna. Ákærði kvaðst hafa verið að skemmta sér kvöldið áður og neytt áfengis. Aðspurður kvað ákærði það mögulegt að einhver hafi sett efni út í drykk hans eða að hann hafi tekið rangt glas.

III.

Arnar Geir Magnússon lögreglumaður bar fyrir dómi að umrætt kvöld hafi lögregla stöðvað bifreiðina SN-604 á Einigrund, nálægt Garðagrund, til þess að athuga með ástand ökumanns. Hann hafi verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar og með honum hafi verið lögreglumaðurinn Árni Ingólfsson. Rætt hafi verið við ákærða og hann beðinn um að gefa þvagsýni þar sem grunur léki á að hann æki undir áhrifum fíkniefna. Ákærði hafi samþykkt að fara með þeim á lögreglustöðina og gefa sýnið.

Þar hafi sýnið verið skoðað með tækjum lögreglu og það hafi gefið jákvæða svörun við amfetamíni. Ákærði hafi þá verið handtekinn og kallað á lækni til að taka blóð úr honum. Því næst hafi verið tekin skýrsla af ákærða. Vitnið lýsti því hvernig sýnataka færi fram. Sérstakt kerfi væri í lögreglukerfinu þar sem merkt væri við blóðsýni og eyðublöð prentuð út. Tveir lögreglumenn væru viðstaddir blóðtökuna. Annar þeirra væri skráður sem vottur við blóðtökuna en hinn tæki framburðarskýrsluna og væri jafnframt sá sem bæði um blóðtökuna. Um 20 ml af blóði væru teknir og settir í blóðsýnaglös. Sýnið sjálf fengi sýnatökunúmer sem kerfið gæfi sjálfkrafa. Númerið væri skráð á blóðsýnaglösin, ýmist áður en blóðið færi í glösin eða strax á eftir. Glösin væru yfirleitt fimm talsins, þar sem teknir væru 20 ml af blóði að fyrirmælum rannsóknarstofu, en hvert glas tæki einungis um fimm ml. Glösin væru strax á eftir sett í lokað umslag og inn í kæli í læstri geymslu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að tekin hafi verið blóðsýni úr neinum öðrum um þetta leyti. Umslögin væru sérmerkt með málnúmeri og kennitölu og því öruggt að þau rugluðust ekki saman við neitt annað. Vitnið kvað mjög ólíklegt að nokkur ruglingur gæti átt sér stað varðandi sýnin. Öll sýnin færu í sama ísskápinn en þau væru sérmerkt og það ætti því ekki að geta átt sér stað neinn ruglingur. Blóðtökuvottorðin væru prentuð út í þremur eintökum, eintaki læknis, bókhalds og lögreglu. Blóðsýnisnúmerið kæmi einungis fram á eintaki lögreglu. Vitnið kvaðst ekki kunna neina skýringu á því af hverju blóðtökuvottorð merkt sem eintak bókhalds hafi verið lagt fram með málgögnum lögreglu. Sá sem skrifað hafi frumskýrsluna fengi vottorðið og skilaði því með frumskýrslunni til varðstjóra. Spurt nánar um af hverju ákærði hafi verið stöðvaður kvað vitnið að grunsemdir hafi verið uppi um að ákærði hafi verið í neyslu fíkniefna. Hafi lögregla fengið ítrekaðar ábendingar um það.

Helgi Pétur Ottesen lögreglumaður kom fyrir dóminn og greindi svo frá að hann hafi verið varðstjóri á vakt og verið inni við þegar komið hafi verið með ákærða grunaðan um akstur undir áhrifum fíkniefna. Óskað hafi verið eftir að ákærði gæfi þvagsýni og hafi hann orðið við því. Við prófun hafi sýnið reynst jákvætt af amfetamíni. Kvað vitnið að ástæða þessara afskipta hafi verið grunsemdir um fíkniefnamisferli ákærða. Í kjölfarið hafi verið tekið blóðsýni úr ákærða og tekin af honum skýrsla. Blóðtakan fari þannig fram að læknir komi og taki um 25 ml af blóði í fimm glös. Glösin séu skráð sérstaklega með númeri sem lögreglukerfið útdeili hverju sýni. Númerið sé skráð á blóðsýnaglösin og komi fram á einu eintaki blóðtökuvottorðsins, þ.e. eintaki lögreglu. Númerið sjáist ekki á eintaki læknis eða bókhalds. Kvað vitnið merkingar á sýninu fara fram samstundis, eða um leið og búið væri að setja blóð í öll glösin. Í þessu tilviki hafi hann merkt glösin samstundis með númerinu sem kæmi á eintak lögreglu. Hann hafi númerið alltaf fyrir framan sig svo enginn ruglingur verði. Glösin væru svo sett í lokað umslag sem merkt væri blóðtökunúmerinu og það svo sett í læst sönnunargagnaherbergi. Aðspurður kvaðst vitnið ekki kunna skýringu á því af hverju eintak bókhalds hefði verið lagt fram með gögnum lögreglu. Læknirinn tæki sitt eintak til að geta rúkað fyrir vinnu sína. Skýrsla af ákærða færi svo frá þeim ásamt báðum hinum eintökum vottorðsins, þ.e. eintökum lögreglu og bókhalds. Vitnið kvað einn mann votta blóðtöku. Það væri sá sem væri viðstaddur sýnatökuna og sæi lækni taka blóðsýnið. Hann hafi sjálfur undirritað beiðni um töku blóðsýnis. Þá hafi hann vottað skráningu sýnanúmers, en einnig væri vottur að því að rétt sýnanúmer hafi verið skráð á glösin. Aðspurt um vottun um skráningu sýnanúmers á eintaki bókhalds

kvaðst vitnið hafa verið að votta það að rétt sýnanúmer hafi verið skráð. Eintökin færu svo frá þeim til rannsóknardeildar. Eintak bókhalds færi í möppu vegna bókhalds, en hitt væri málgagn og þar sæist númer blóðsýnisins. Aðspurt um hvar eintak lögreglu hafi verið er það hafi komið í leitirnar kvaðst vitnið ekki vita það en detta það helst í hug að eintökin hafi víxlast.

Árni Ingólfsson lögreglumaður greindi svo frá fyrir dómi að umrætt sinn hafi lögregla stöðvað bifreiðina SN-604 á Einigrund. Þeir hafi orðið varir við ákærða þar sem hann hafi verið að aka út af Einigrund. Þeir hafi haft spurnir af því að hann hafi verið í neyslu fíkniefna og því ákveðið að hafa afskipti af honum og athuga með ástand og réttindi hans. Ákærði hafi verið mjög samvinnuþýður og gefið þvagsýni sem gefið hafi jákvæða svörun við amfetamíni. Læknir hafi verið kallaður til og tekið blóðsýni. Ákærði hafi svo verið færður fyrir varðstjóra til skýrslutöku, þar sem hann hafi neitað því að hafa neytt fíkniefna. Vitnið kvað töku blóðsýnis fara þannig fram að fyrst væri prentað út blóðtökuvottorð í þremur eintökum sem gæfi sýnanúmer á eintaki lögreglu. Hin eintökin væru eintak bókhalds og læknis. Svo tæki læknir blóð úr sakborningi og hvert og eitt glas af blóði væri merkt með blóðsýnisnúmerinu og sett í lokað umslag, merkt málnúmeri og sýnanúmeri, og inn í ísskáp. Merkingarnar færu strax fram eftir sýnatökuna með umsjá varðstjóra. Læknirinn tæki eintak læknis með sér, en hin eintök blóðtökuvottorðsins fylgdu frumskýrslu þegar þeir sendu hana frá sér. Vitnið kvaðst ekki vita hvers vegna eintak bókhalds hafi fylgt málgögnum.

IV.

Með bréfi 24. apríl 2007 óskaði sýslumaðurinn á Akranesi eftir því við Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði að rannsakað yrði blóðsýni með tilliti til amfetamínneyslu og gruns um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Í framlagðri matsgerð rannsóknarstofunnar frá 3. maí sl., sem unnin var af Jakob Kristinssyni dósent og Guðlaugu Þórsdóttur lækni, segir meðal annars svo:

„Í blóði mældist amfetamín 165 ng/ml. Amfetamín er ávana- og fíkniefni með örvandi verkun á miðtaugakerfið. Heimilt er að nota amfetamín sem lyf. Styrkur amfetamíns í blóði var heldur hærri en búast má við eftir lækningalega skammta.“

V.

Upplýst er að ákærði var við akstur bifreiðarinnar SN-604 á þeim stað og tíma sem í ákæru greinir. Þá liggur fyrir að í blóðsýni sem rannsakað var mældust 165 ng/ml amfetamíns.

Ákærði hefur vefengt niðurstöðu ofangreindrar mælingar. Hefur hann haldið því fram að hann hafi ekki neytt neinna fíkniefna. Þá hefur hann haldið því fram að ekki sé nein staðfesting á því að sýnið sem rannsakað hafi verið hafi verið úr honum þar sem númer blóðsýnis hafi vantað á það eintak blóðtökuvottorðs sem lagt hafi verið fram með málgögnum lögreglu.

Lögreglumennirnir Arnar Geir Magnússon, Helgi Pétur Ottesen og Árni Ingólfsson báru allir fyrir dómi um verklag lögreglu við blóðsýnatökur. Var framburður lögreglumannanna samhljóða um að í upphafi væri sérstakt eyðublað í þríriti prentað út úr lögreglukerfinu. Væri um að ræða eintak læknis, lögreglu og bókhalds. Blóðsýnisnúmer kæmi einungis fram á eintaki lögreglu. Tveir lögreglumenn væru viðstaddir blóðtökuna. Um 20 ml af blóði væru teknir og settir í fimm blóðsýnaglös merkt með blóðsýnisnúmerinu. Glösin væru strax á eftir sett í lokað umslag, merktu málnúmeri lögreglu og blóðsýnisnúmerinu. Umslagið væri sett í kæli í læstri geymslu. Það væri því ekki hætt á ruglingi við önnur sýni. Lögreglumennirnir kváðust ekki vita hvers vegna eintak bókhalds af blóðtökuvottorðinu hefði verið lagt fram upphaflega í stað eintaks lögreglu, en helst halda að eintökin hefðu víxlast.

Að framangreindum framburðum virtum og þar sem ekkert haldbært hefur komið fram í málinu, sem bendir til mistaka við töku blóðsýnis eða rannsókn þess, þykir mega slá því föstu með vísan til fyrrnefndrar niðurstöðu blóðrannsóknar að ákærði hafi neytt amfetamíns áður en hann ók bifreiðinni SN-604 þá leið sem lýst er í ákæru. Samkvæmt þessu og með vísan til annars framangreinds telst því sannað, svo ekki verði véfengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi framið umferðarlagabrot það sem í ákæru er lýst og réttilega er þar fært til refsíákvæða.

VI.

Samkvæmt sakavottorði gekkst ákærði undir lögreglustórasátt 12. maí 2006 vegna aksturs undir áhrifum áfengis. Var refsing hans ákveðin 70.000 króna sekt auk þess sem ákærði var sviptur ökurétti í 8 mánuði. Sama dag gekkst ákærði einnig undir lögreglustjórasátt fyrir að aka sviptur ökurétti

Refsing ákærða þykir að brotum hans virtum hæfilega ákveðin 160.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tólf daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Þá þykir rétt, svo sem krafist er í ákæru og með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að svipta ákærða ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms þessa

að telja.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Með vísan til framlagðs sakarkostnaðar yfirlits og fylgigagna þess dæmist ákærði til að greiða 12.000 krónur vegna töku blóðsýnis og 63.096 krónur vegna rannsóknar á blóð- og þvagsýnum og vegna matsgerðar. Ákærði greiði ennfremur þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., er hæfilega þykir ákveðin 150.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, sem og ferðakostnað verjanda, 35.165 krónur. Ákærði greiði því samtals 260.261 krónur í sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Benedikt Bogason héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Árni Halldór Lilliendahl, greiði 160.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi tólf daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði samtals 260.261 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.

Benedikt Bogason